
Myndlist

Bein sending og óbein

CNN, SKY, Arngunnur Ýr og Hallgrímur



Hvaða myndlist jafnast á við SKY og CNN á stríðstímum?

Gullitað og sveipmikið hár sjónvarpsþulunnar ásamt með skærrauðum vörunum og útstæðum augnhárunum sem tifa í sífellu mynda eins og lýsandi sól á náttbláum bakgrunninum sem fyrr en varir hefur breyst í töfraslunginn næturhimin yfir Bagdað þar sem fljúgandi tækniundur lýsa upp umhverfið í öruggri leit sinni að ókunnum óvini, sem leynist í skjóli nætur. Sprengingar í fjarska og sírenurnar væla eins og úlfhundar í náttmyrkrinu og við erum stödd andspænis grænklæddum fréttamanni með hljóðnema úti á gulum eyðimerkursandi Saúdí Arabíu þar sem rauðglóandi eldstrókurinn stendur aftur úr Torneidó–herþotunni sem þýtur yfir endalausri sandbreiðunni og hverfur í eyðumerkurmistrið á meðan hermaður borðar súpuskammtinn sinn við tjaldskörina og annar tekur ofan hjálminn um leið og hann stígur út úr flugvélinni: „We did our job. We earned our money today." Eldar loga í eyðimörkinni og fyrir utan Downingstræti 10 stendur snyrtilegur fréttamaður í bláteinóttum fötum, varta á hægri kinn, gel í sléttstroknu hárinu, og segir okkur allt af létta og forsætisráðherrann gengur undir regnhlífinni út í svarta límósínuna á gljáfægðum skóm og hvítir vígahnettir patríóteldflauganna lýsa upp næturhimininn yfir Tel Aviv og fólkið er grafið út úr rústum húsanna og hrópar á hefnd og sjúkrabílar og yfirmaður herráðsins kemur ábúðarmikill í ræðustólinn með rauða díla í andlitinu og talar til heimsbyggðarinnar þar til við sjáum loksins aftur gulan hársveip sjónvarpsþulunnar með rauðu varirnar og löngu augnhárin: Það er stutt hlé, stay with us, Britain is at war.

Stríðið við Persaflóa er hin fullkomna uppgjöf gagnvart mannlegri skynsemi.

Um leið er það sviðsett fyrir okkur á sjónvarpsskerminum eins og tölvuleikur, þar sem sömu leikirnir eru endurteknir í sífellu án þess að leikreglurnar séu dregnar í efa. Niðurlút andlit stríðsfanganna eru dregin upp á skerminn hvað eftir annað eins og síendurtekinn ólánsdráttur í Matadorspili: Þú ferð beint í steininn.

Og hvers erum við svo vísari?

Það kann að vera ómennsk afstaða að líta á þetta sjónarspil á sjónvarpsskjánum sem myndlist. Það er hins vegar spurning hvort afstaða sjónvarpsins til þess veruleika sem þarna er til umfjöllunar sé miklu mennskari.

Sjónvarpið er allt á yfirborðinu gagnvart veruleika stríðsins. Með hraðri og taktfastri samklippingu á milli staða og heimshluta er áhorfandanum veitt sú falska tilfinning, að hann sé staddur mitt í spennuþrunginni atburðarás sem hann geti þó horft á úr öruggri fjarlægð. Myndskeiðin eru tælandi vegna þessarar fölsku tilfinningar, og þess er alltaf gætt að hafa þau styttri en svo að tóm gefist til umhugsunar. Leikreglurnar eru hvergi dregnar í efa, heldur skýrðar út jafnóðum af leikendunum sjálfum með 2-3 mínútna innskotum. Sérstakir eftirlitsmenn á vettvangi sjá svo um að leikstjórnin sé í réttum farvegi og ekkert komi á skjáinn sem raskað geti eðlilegri framvindu leiksins.

Hver leikstýrir eiginlega þessu sjónarspili andskotans?

Ég ætlaði að skrifa um myndlist.

Bliknar ekki öll myndlist sýningarsalanna hjá aðdráttarafli SKY og CNN?

Andspænis vitfirringu stríðsins verður maðurinn lítill í umkomuleysi sínu með myndir sínar og orð. Flest virðist allt í einu til lítils unnið, - eða hvað?

Það var í rauninni léttir að koma úr stríðinu á skjánum inn á sýningu Arngunnar Ýrar Gylfadóttur að Kjarvalsstöðum. Salurinn var næstum tómur af fólki og myndirnar á veggjunum önduðu frá sér einhverri sársaukatilfinningu sem virtist sönn. Þetta var sársauki sem kom einhvers staðar djúpt úr holdinu eða jörðinni eða hjartanu og það var manni allt í einu léttir að finna myndir sem gátu talað við mann um sársaukann á yfirvegaðan og einlægan hátt.

Arngunnur Ýr er undarlega jarðbundin í myndum sínum og það er eitthvað við þær sem minnir á mexíkönsku listakonuna Fríðu Kahlo. Ekki svo að skilja að um eftirlíkingu sé að ræða, en þessi jarðbundni sársauki sem við finnum í myndum Arngunnar er svipaðrar kvenlegrar ættar og við finnum hjá Fríðu. Útfærslan er hins vegar önnur, því á meðan Fríða Kahlo gekk svo nærri sjálfri sér í myndum sínum, að það verður ekki endurtekið eða leikið eftir af öðrum, þá hafa myndir Arngunnar almennari skírskotun sem ekki ristir eins djúpt og ber jafnframt einhvern keim af ljúfsárri eftirsjá. Arngunnur hefur athyglisverða tilfinningu fyrir efninu sem hún vinnur í og er fundvís á það efni sem hentar hugmyndum hennar hverju sinni. Þeir sem eru þreyttir á stríðinu á skjánum ættu að fara og skoða myndir Arngunnar Ýrar. Sá samanburður gæti leitt til þeirrar niðurstöðu að til einhvers væri unnið, þrátt fyrir allt.

Í Vestursal Kjarvalsstaða og anddyri hefur Hallgrímur Helgason sett upp yfirlitssýningu á málverkum sínum og teikningum frá síðustu fimm árum. Eru málverkin sett upp í tímaröð og gefa góða mynd af þróun sem verður frá tiltölulega jarðbundinni litanotkun og frásagnarglöðum léttsúrrealískum myndum af manni í stórborg yfir í mjög stílfærðar módelmyndir í ísköldum og fölbleikum, grænum og gulum litum, þar sem meðal annars er leikið á rými og fjarvídd. Þessar módelmyndir, sem eru málaðar á mjög yfirvegaðan hátt en bera samt einhvern keim af súrrealískri draumsýn, þróast síðan yfir í óhlutbundin form sem máluð eru í ísköldum og tærum, grænum tónum þar til Hallgrímur snýr við blaðinu á ný og tekur að mála fígúratífar myndir sem eru fullar af glettni og súrrealískum útúrsnúningi í ætt við pennateikningarnar í anddyrinu, og endar síðan í tvíræðum tilvitnunum í staðlaðar skrípamyndir jafnt og afskræmdar andlitsmyndir Picassos frá stríðsárunum í mosagrænum og „skítugum" tónum.

Það fer ekkert á milli mála að Hallgrímur er frjór og hugmyndaríkur málari og fullur af frásagnargleði, en um leið nokkuð útundir sig og ístöðulaus, jafnvel eins og að hann trúi ekki alltaf fullkomlega á það sem hann er að gera hverju sinni. Fyrsta myndskeiðið er reyndar málað af sterkri sannfæringu og innlifun og eru þessar myndir greinilega bein og fersk viðbrögð við ytra umhverfi frá fyrstu árum Hallgríms í New York. Síðan er eins og hann setji ákveðnari skil á milli sjálfs sín og viðfangsefnisins: framsetningin verður yfirveguð og köld og leitar fullkomnunar í handbragðinu. Módelmyndirnar eru skondnar og fagmannlega unnar, en snertu mig ekki djúpt nýkominn úr stríðinu hjá SKY og CNN. Það var einhver ertandi nálægð í eiturgræna forminu á krossviðarplötunni, en mér fannst eins og sannfæringin, frásagnargleðin og handverkið hefðu fyrst smollið verulega saman hjá Hallgrími í þessum bráðfyndnu málverkum sem hann kallar að mig minnir „Meðlag" og „Hjónabandssælu". Þessar myndir sýna það líka eins og reyndar teikningarnar á ganginum, að það er hin sterka hlið Hallgríms að segja sögu.

En hvers má myndasagan sín á öld hinnar beinu útsendingar þar sem miljón dollara patríótflaugar fljúga yfir höfðum okkar eins og flugeldar á gamlárskvöldi?

„Stay with us," segir sjónvarpsþulan með gula hárið.

SKY og CNN eru harðir og grimmir húsbændur, en við höfum þó enn leyfi til að slökkva á tækinu og fara út á götuna til að mótmæla þessu stríði. Myndasagan gæti kannski stutt okkur til þess.

-Ólafur Gíslason

Keltnesk upplýsing

Enlightenment
Van Morrison
Polydor 1990

Í lok síðasta árs kom út ný hljómplata með írska lagasmiðnum og söngvaranum Van Morrison, Enlightenment, eða Upplýsing á tungu feðra okkar. Hljómplata þessi hefur ekki vakið mikla athygli, frekar en fyrri verk þessa frábæra söngvara, ef undan er skilið eitt lag á plötunni Avalon Sunset, sem kom út árið 1989, en samsöngur þeirra Cliff Richards í laginu When ever God shines His Light, náði töluverðum vinsældum og fékk mikla spilun í útvarpi.

Þótt Van Morrison hafi ekki verið daglegur gestur á vinsældalistum í gegnum árin þá hefur hann engu að síður notið mikillar virðingar, einkum og sér í lagi meðal tónlistarmanna. Hann hefur aldrei fylgt neinum tískustraumum, heldur ætíð farið eigin leiðir í sköpun sinni og túlkun, sem byggir á svörtum og keltneskum grunni. Sjálfur hefur hann sagt að fyrstu áhrifavaldarnir á hann tónlistarlega séð hafi verið Leadbelly, Hank Williams, Sonny Terry, Muddy Waters og Sonny Boy Willamsson. Auk blúsáhrifa gætir mikilla áhrifa soul og godspell á tónlist hans, strax á sjöunda áratugnum. Við þau bætast svo áhrif jass og keltneskrar tónlistar í lok áttunda áratugarins og úr þessum áhrifum hefur hann verið að vinna síðan.

Van Morrison kom fram á sjónarsviðið skömmu eftir að Bítlarnir höfðu slegið í gegn. Þá var hann með hljómsveitinni Them og náðu tvö laga þeirra töluverðum vinsældum, Here



Comes the Night og Gloria. Sagan segir að Them hafi ekkert komið næálægt flutningi laganna á hljómplötunum, heldur hafi aðkeyptir hljóðfæraleikarar séð um undirleikinn. Það fór líka svo að leiðir skildust. Van Morrison yfirgaf hljómsveitina á hljómleikaferðalagi í Bandaríkjunum og settist að vestra árið 1967. Sama ár kom svo út fyrsta sólóplatan hans, Blowin' your Mind. Ári seinna sendi hann frá sér meistarastykkið Astral Weeks þar sem hver perlan tekur við af annarri, titillagið, Cyprus Avenue, Ballerina, Slim Slow Slider og að áliti undirritaðs unaðslegustu ballöðu sem þessi geiri tónlistar hefur getið af sér, Madame George, sem tekur rúmlega níu mínútur í flutningi. Í því lagi, sem og fleiri lögum á plötunni, leikur Morrison sér að ljóðhendingum og spinnur þær í allar áttir með rödd sinni.

Ólíkt flestum tónlistarmönnum af bítlakynslóðinni þá hefur Morrison aldrei staðnað. Afurðir hans eru vissulega misgóðar og kannski engin náð slíkri fullkomnun sem Astral Weeks, en þrátt fyrir það hefur honum ætíð miðað á veg, og með Enlightenment núna sannar hann enn einu sinni að sem söngvari er hann í sérflokki og hvað lagasmíðar og útsetningar varðar þá gætu flestir lært töluvert af honum.

Einsog fyrri daginn er platan á rólegu nótunum, en þó öllu hressari en Astral sunset sem kom á undan henni. Enlightenment byrjar á drífandi lagasmíð, Real, real gone, en síðan tekur hver ballaðan við af annarri, allar mjög fallegar, þótt hápunkturinn sé Avalon of the heart, þar sem Ambrosian Singers sjá um bakraddir. Öll útsetning þess lags er mjög smekkleg þar sem horn og munnharpa sjá um einleiksinnskot, en einsog með önnur lög Morrisons er það tjáningarfull rödd hans sem lyftir laginu upp yfir það sem hlustandinn á að venjast.

Í stuttu máli sagt er platan öll mjög áheyrileg þótt undirritaður hafi við fyrstu hlustanir hrifist mest af Avalon of the heart. Þá er lagið Youth of 1.000 Summers mjög grípandi og reffilegt og lokalag plötunnar, Memories, með sínum sterku keltnesku áhrifum ætti ekki að láta neinn ósnortinn.

Þessi keltneska upplýsing er kærkomin skíma inn í skammdegið.

–Sáf